

DRÖG

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 660/2015, um mat á umhverfisáhrifum.

1. gr.

L-liður 3. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Á eftir 3. gr. reglugerðarinnar kemur ný grein, 3. gr. a, ásamt fyrir sögn, svohljóðandi:

Efni mats á umhverfisáhrifum.

Í mati á umhverfisáhrifum skal greina, lýsa og meta, með tilliti til framkvæmdar, bein og óbein umtalsverð áhrif á eftirfarandi umhverfisþætti:

- a. íbúa og heilbrigði manna,
- b. líffræðilega fjölbreytni með sérstakri áherslu á tegundir og búsvæði sem njóta verndar, t.d. í dýra- og plönturíkinu,
- c. land t.d. umfang landnotkunar eða landþörf, landslag, víðerni, jarðmyndanir, jarðveg t.d. lífrænt efni, rof, þjöppun og lokun jarðvegs, vatn t.d. vatnsformfræðilegar breytingar, magn og gæði, loft og loftslag t.d. losun gróðurhúsalofttegunda og áhrif sem tengjast aðlögun loftslagsbreytinga,
- d. efnisleg verðmæti, menningarminjar þ.m.t. þætti er varða byggingarlist og fornleifar, og landslag,
- e. næmi framkvæmdarinnar fyrir hættu á stórslysum og náttúruhamförum,
- f. samspil þeirra þátta sem taldir eru upp í a-e-lið.

3. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, svohljóðandi: að búa yfir eða hafa aðgang að sérfræðipökkingu, eins og nauðsyn krefur, til að fara yfir gögn um mat á umhverfisáhrifum.

4. gr.

Við 6. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi: Sveitarstjórn skal í samþykkt sveitarfélagsins, fela skipulagsnefnd eða öðrum aðila innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins töku fullnaðarákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. reglugerðarinnar:

- a. í stað orðanna „umfangi hennar“ í a-lið kemur: efnislegum eiginleikum allrar framkvæmdarinnar og niðurrífi hennar, ef við á, umfangi.
- b. í stað orðanna „landnotkun og“ í d-lið kemur: landnotkun,.
- c. á eftir orðinu „viðauka,“ í d-lið kemur: og hversu viðkvæmt umhverfið er á landsvæðum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum.
- d. Við bætast þrjú nýir stafliðir, svohljóðandi:
 - f. lýsing á þáttum í umhverfinu sem líklegt er að verði fyrir umtalsverðum umhverfisáhrifum af framkvæmdinni,
 - g. lýsing á öllum líklegum umtalsverðum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, miðað við fyrirbyggjandi vitneskju, sem stafa af:
 - i. losun úrgangs og framleiðslu hans, ef við á, auk annarrar losunar sem gert er ráð fyrir,

- ii. nýtingu náttúruauðlinda, aðallega jarðvegi, landi, vatni og líffræðilegri fjölbreytni,
- h. upplýsingar um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, eftir því sem við á, að teknu tilliti til fyrirbyggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „2. viðauka.“ í 2. mgr. kemur: 2. viðauka og rökstyðja niðurstöðu sína með hliðsjón af þeim. Skipulagsstofnun skal byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, sbr. 11. gr., og ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.
- b. Við bætist ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:
Ef Skipulagsstofnun ákveður að framkvæmd sé ekki matsskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á þeim upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og framkomnum umsögnum.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. og 3. másl. 2. mgr. orðast svo: Við ákvörðun um matsskyldu skal Skipulagsstofnun fara eftir viðmiðum í 2. viðauka og rökstyðja niðurstöðu sína með hliðsjón af þeim. Skipulagsstofnun skal byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, sbr. 11. gr., og, ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.
- b. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:
Ef Skipulagsstofnun ákveður að framkvæmd sé ekki matsskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og framkomnum umsögnum.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. og 3. másl. 2. mgr. orðast svo: Við ákvörðun um matsskyldu skal sveitarstjórn fara eftir viðmiðum í 2. viðauka, og rökstyðja niðurstöðu sína með hliðsjón af þeim, og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sbr. b-lið 5. gr. Sveitarstjórn skal byggja ákvörðun sína á þeim upplýsingum sem framkvæmdaraðili hefur lagt fram, sbr. 11. gr., og, ef við á, öðrum gögnum um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar.
- b. Við bætist ný málsgrein er verður 4. mgr. og orðast svo:
Ef sveitarstjórn ákveður að framkvæmd sé ekki matsskyld er henni heimilt að setja fram ábendingar um tilhögun framkvæmdarinnar. Þær skulu byggjast á upplýsingum framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir og framkomnum umsögnum.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðinu „skipulagsáætlanir“ í d-lið 2. tölul. 2. mgr. kemur: sem í gildi eru á framkvæmdasvæði.
- b. Í stað orðanna „mögulega framkvæmdakosti“ í e-lið 2. tölul. 2. mgr. kemur: aðra raunhæfa valkosti.
- c. Við 3. tölul. 2. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: áætlun um á hvaða þætti framkvæmdar og umhverfis verði lögð áhersla, hvaða gögnum verði byggt á og hvaða aðferðum verði beitt við umhverfismatið.

10. gr.

2. og 3. másl. 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Framkvæmdaraðila ber að auglýsa og kynna rafrænt tillögu að matsáætlun fyrir umsagnaraðilum og almenningi áður en hann leggur tillögu sína fram til afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Framkvæmdaraðili skal kynna tillöguna með auglýsingu

rafrænt og gefa almenningi kost á að lágmarki tveimur vikum til að koma á framfæri athugasemdum við tillöguna.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir 1. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður, svohljóðandi: Skal ákvörðunin taka mið af eðli og umfangi framkvæmdar, staðsetningu og líklegum umhverfisáhrifum hennar.
- b. 4. mgr. orðast svo:
Skipulagsstofnun getur fallist á tillögu að matsáætlun með eða án skilyrða. Fari stofnunin fram á að tiltekin skilyrði verði uppfyllt í niðurstöðu sinni verða þau hluti af matsáætlun.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. orðast svo:
Frummatsskýrsla skal vera í samræmi við matsáætlun, og í henni skulu koma fram öll þau gögn og upplýsingar sem nauðsynleg eru, og sanngjarnt má telja að krafist sé, til þess að unnt sé að greina og meta helstu áhrif sem framkvæmd er líkleg til að hafa áhrif á umhverfið, að teknu tilliti til fyrirbyggjandi þekkingar og matsaðferða.
- b. Í stað orðsins „framkvæmd“ í a-lið 1. tölul. 2. mgr. kemur: eiginleikum allrar framkvæmdarinnar þ.m.t. nauðsynleg niðurrif, ef við á.
- c. D-liður 1. tölul. 2. mgr. orðast svo:
Lýsing á helstu vinnslu- og framleiðsluferlum framkvæmdarinnar t.d. orkuþörf og orkunotkun, eðli og magni hráefna og upplýsingar um nýtingu náttúruauðlinda, svo sem vatns, lands, jarðvegs og líffræðilega fjölbreytni, annarra hráefna, og mannaflapörf á framkvæmda- og rekstrartíma.
- d. Í stað orðanna „lofts og jarðvegs“ í e-lið 1. tölul. 2. mgr. kemur: lofts, jarðvegs og jarðvegsgrunni.
- e. Á eftir orðinu „úrgangs“ í e-lið 1. tölul. kemur: á framkvæmdar- og rekstrartíma.
- f. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo: Mat á umhverfisáhrifum. Þar komi fram:
 - a. upplýsingar um núverandi ástand umhverfisins þar sem framkvæmd er fyrirhuguð og á líklegri náttúrulegri breytingu á umhverfinu verði ekki af framkvæmdinni miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar og vísindabekkingu,
 - b. lýsing á því hvaða þættir framkvæmdar og starfsemi, sem henni fylgir, eru taldir geta valdið umhverfisáhrifum, svo sem stærð og gerð mannvirkja, framleiðsluferlar, magn og gerð mengunarefna, niðurrif, ef við á, og hljóðstig frá starfsemi,
 - c. lýsing á áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið vegna losunar mengunarefna, hávaða, titrings, ljóss, hita og geislunar, ónæði, endurnýtingar úrgangs og förgunar,
 - d. lýsing á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar sem stafa af hættu fyrir heilbrigði manna, menningararfleið eða umhverfið t.d. vegna slysa eða náttúruvá.
 - e. lýsing á þeim þáttum umhverfisins, sbr. 9. gr. b, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd og starfsemi sem henni fylgir og skal lýsingin ná til beinna áhrifa og allra óbeinna áhrifa, annars stigs áhrifa, samanlagðra áhrifa, áhrifa yfir landamæri, skammtíma-, meðaltíma- og langtímaáhrifa og varanlegra og tímabundinna, jákvæðra og neikvæðra áhrifa af framkvæmdinni. Í lýsingunni skal taka tillit til viðeigandi umhverfisverndarmarkmiða á grundvelli annarrar löggjafar.
 - f. lýsing á líklegum áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag t.d. eðli og magn losunar gróðurhúsalofttegunda og næmi framkvæmdarinnar fyrir loftslagsbreytingum,
 - g. lýsing á líklegum umhverfisáhrifum framkvæmdar og áhrifum starfsemi, sem henni fylgir, á umhverfið vegna nýtingar náttúruauðlinda með tilliti til sjálfbærnieiginleika þeirra, einkum lands, jarðvegs, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni,
 - h. samanburður á umhverfisáhrifum þeirra raunhæfu valkosta sem framkvæmdaraðili hefur kannað, t.d. í tengslum við hönnun framkvæmdarinnar, tækni, staðsetningu, stærð og umfang, og sem tengjast fyrirhugaðri framkvæmd og sérstökum eiginleikum hennar auk rökstuðnings fyrir aðalvalkosti framkvæmdaraðila að teknu tilliti til samanburðar umhverfisáhrifa,

- i. Lýsing á áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið vegna samlegðaráhrifa hennar með öðrum yfirstandandi og/eða leyfðum framkvæmdum að teknu tilliti til umhverfissvandamála sem eru þegar til staðar á áhrifsvæði framkvæmdarinnar sem er sérstaklega mikilvægt út frá umhverfislegu sjónarmiði eða til nýtingar náttúruauðlinda,
 - j. Lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og fyrirkomulagi eftirlits, t.d. eftirá greining á framkvæmdinni, þar sem skýra skal að hversu miklu leyti er komist hjá, komið í veg fyrir, dregið úr eða vegið upp á móti skaðlegum áhrifum á umhverfið á framkvæmda- og rekstrartíma framkvæmdarinnar,
 - k. Lýsing á þeirri aðferðarfræði sem beitt hefur verið til að segja fyrir um áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið,
 - l. Lýsing á líklegum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið vegna þeirrar tækni og efna sem notuð eru,
 - m. upplýsingar um aðferðir sem notaðar eru til að sannreyna og meta áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið þ.m.t. nákvæmar upplýsingar um erfiðleika eins og tæknilega annmarka eða skort á þekkingu sem framkvæmdaraðili kann að hafa staðið frammi fyrir við söfnun upplýsinga og helstu óvissuþætti við umhverfismat framkvæmdarinnar,
 - n. tillaga að vöktunaráætlun,
 - o. flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa á grundvelli leiðbeininga sem Skipulagsstofnun gefur út.
- f. 5. tölul. 2. mgr. orðast svo: Stutt samantekt um frummatsskýrslu og niðurstöður hennar á skýru og auðskiljanlegu máli.
- g. Við 2. mgr. bætast tveir nýir töluliðir, 6. og 7. tölul., sem verða svohljóðandi:
6. Lýsing á skaðlegum áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið sem leiðir af næmni framkvæmdarinnar fyrir stórslysum og náttúruhamförum. Heimilt er að nota viðeigandi upplýsingar sem liggja fyrir og eru fengnar með áhættumati sem farið hefur fram á grundvelli reglugerðar um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna eða viðeigandi mats sem farið hefur fram á grundvelli annarra laga. Í lýsingu skulu koma fram upplýsingar um þær ráðstafanir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir eða draga úr skaðleg áhrifum slíkra atburða á umhverfið ásamt nákvæmum upplýsingum um viðbúnað og fyrirhuguð viðbrögð við slíku neyðarástandi.
 7. Skrá yfir þær heimildir sem upplýsingar í skýrslunni byggja á.
- i. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:
- Framkvæmdaraðili skal taka tillit til fyrirbyggjandi niðurstaðna um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar, þar sem við á.
- Framkvæmdaraðili skal tryggja að frummatsskýrslan sé útbúin af til þess hæfum sérfræðingum.

13. gr.

Á eftir orðinu „frummatsskýrslu“ í 21. gr. reglugerðarinnar kemur: , sbr. 20. gr.,

14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðsins „auglýsir“ í 1. mgr. kemur: kynnis.
- b. Á eftir orðinu „frummatsskýrslu“ í 1. mgr. kemur: á vef stofnunarinnar og.
- c. Í stað orðanna „hjá Skipulagsstofnun í sex vikur eftir að Skipulagsstofnun hefur kynnt hana“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: á vef Skipulagsstofnunar í sex vikur frá birtingu auglýsingar.

15. gr.

Á eftir orðunum „niðurstöðum þess“ í 3. másl. 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar kemur: ásamt tengdum leyfisveitingum, ef við á.

16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. mgr. orðast svo:

Við ákvörðun um útgáfu leyfis til framkvæmdar skv. flokki A í 1. viðauka skal leyfisveitandi kynna sér matsskýrslu framkvæmdaraðila um framkvæmdina og leggja álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum hennar til grundvallar. Í ákvörðun um leyfi skulu sett fram öll skilyrði Skipulagsstofnunar sem fram koma í álitinu er varða umhverfið, fyrirhugaðar mótvægisáðgerðir, og ef við á, skilyrði um vöktun.

b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Leyfisveitandi skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins.

Leyfisveitandi skal í greinargerðinni einnig taka afstöðu til tengdra leyfisveitinga þegar tilefni er til ef um það er fjallað í álitu Skipulagsstofnunar.

c. 5. mgr. orðast svo:

Leyfisveitandi skal birta opinberlega með auglýsingu ákvörðun sína um útgáfu leyfis innan tveggja vikna frá afgreiðslu þess. Í auglýsingunni skal tilgreina hvar greinargerð um afgreiðslu leyfis er aðgengileg og tilgreina kærheimild og kærufrest þegar við á.

17. gr.

Á eftir orðunum „leyfi og“ í 1. málsli. 1. mgr. 32. gr. reglugerðarinnar kemur: að framfylgt sé ákvæðum leyfisins um mótvægisáðgerðir og vöktun framkvæmda. Skal eftirlitið og hversu lengi það varir vera í hlutfalli við eðli, staðsetningu og stærð framkvæmdarinnar og áhrif hennar á umhverfið. Að öðru leyti.

18. gr.

Í stað orðanna „nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“ í 33. gr. reglugerðarinnar kemur: nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

19. gr.

35. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Skipulagsstofnun og sveitarstjórn, þar sem það á við, er í samráði við framkvæmdaraðila heimilt í undantekningartilvikum í viðamiklum málum að víkja frá frestum þeim sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari. Á það við í viðamiklum málum, svo sem vegna eðlis, staðsetningar eða stærðar framkvæmdar. Skal þá framkvæmdaraðila tilkynnt skriflega um ástæðu framlengingar og fyrirhugaða tímasetningu ákvörðunar.

Skipulagsstofnun er heimilt, í samráði við framkvæmdaraðila, að lengja kynningartíma frummatsskýrslu skv. 23. gr. í viðamiklum málum.

20. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. viðauka reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „og umfangs framkvæmdar“ í i. lið 1. tölul. kemur: hönnunar og umfangs framkvæmdarinnar í heild.
- b. Í stað orðsins „sammögnunaráhrifa“ í ii. lið 1. tölul. kemur: samlegðar.
- c. Við iii. lið í 1. tölul. bætist: einkum lands, jarðvegs og vatns, og líffræðilegrar fjölbreytni.
- d. VI. liður 1. tölul. orðast svo: hættu á stórslysum og/eða náttúruhamförum sem varða framkvæmdina, þ.m.t. af völdum loftslagsbreytinga, samkvæmt vísindalegri þekkingu.
- e. Við 1. tölul. bætist nýr liður sem orðast svo: hættu fyrir heilbrigði manna, t.d. vegna vatns- eða loftmengunar.
- f. Í stað orðanna „gæða og getu til endurnýjunar náttúruauðlinda“ í ii.lið 2. tölul. kemur: aðgengileika og gæða náttúruauðlinda, þ.m.t. jarðvegs, lands, vatns og líffræðilegrar fjölbreytni, á svæðinu ofan og neðan jarðar, og getu þeirra til endurnýjunar.
- g. Við a-lið iv. liðar 2. tölul. bætist: ár- og vatnsbakka og ármynna.

- h. Á undan orðinu „strandsvæða“ í b-lið iv. liðar 2. tölul. kemur: haf- og.
- i. Í stað orðsins „Eiginleikar“ í 1. másl. 3. tölul. kemur: Gerð og eiginleikar.
- j. Í stað orðanna „þ.e. þess svæðis og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum“ í i. lið 3. tölul. kemur: t.d. með tilliti til stærðar svæðis eða fjölda fólks sem verður líklega fyrir áhrifum.
- k. Í stað orðsins „stærðar“ í ii. lið 3. tölul. kemur: eðlis, styrks.
- l. IV. liður 3. tölul. orðast svo: væntanlegs upphafs, tímalengdar, tíðni og afturkræfi áhrifa.
- m. V. liður 3. tölul. orðast svo: samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda.
- n. Við 3. tölul. bætist nýr liður sem orðast svo: möguleika á að draga úr áhrifum.

21. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 20. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og öðlast þegar gildi.